

Skipulagsnúmer

9490

Sveitarfélag

6513

Undirnúmer

126

Dagsetning

30.9.2008



EYJAFJARÐARSVEIT



MANNVIT

VERKFRÆDISTOFA



Mótt.: 30 DES. 2008

Málnr.

2008/4000/21

**IDNAÐARSVÆÐI
ÞVERÁREYRUM
EYJAFJARÐARSVEIT**



Deiliskipulag – greinargerð.

Tillaga II

Skýrsla nr.

MV-2008-114

Nóvember 2008

MANNVIT hf.

Björn Jóhannsson

Jóna Bjarnadóttir



| | | |
|---|---|---|
| Skýrsla nr.: MV-2008-114 | Útgáfudags.: (mán./ár) 28.11.2008 | Dreifing: Opin <input checked="" type="checkbox"/> Lokuð <input type="checkbox"/> |
| Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: IÐNAÐARSVÆÐI ÞVERÁREYRUM EYJAFJARÐARSVEIT, Greinagerð deiliskipulags. Tillaga II. | | Upplag: 7 eintök; 1 afhent verkkaupa, 1 afhent rekstraraðila, 3 til Eyjafjarðarsveitar. Fjöldi síðna: 14 |
| Höfundur/ar: Björn Jóhannsson og Jóna Bjarnadóttir | | Verkefnisstjóri: ÁÍ Verknúmer: 9-610-270 |
| Útdráttur: Greinargerð deiliskipulags f. iðnaðarsvæði á Þveráreyrum í Eyjafjarðarsveit vegna áforma Moltu ehf. um að reisa þar jarðgerðarstöð til að moltugera í tromlum innanhúss lífrænan úrgang ásamt stoðefnum. Umhverfisskýrsla er felld inn í greinargerð. Greinagerð með yfirliti og titilblaði (14 síður) ásamt fylgiskjali: Deiliskipulagsuppdráttur (A2) 1:4.000 / með skýringaruppdrætti. Þetta er uppfærsla á skýrslu nr. MV-2008-073 að loknum athugasemdum Skipulagsstofnunar um form- eða efnisgalla. | | |
| Verkkaupi: Þverá fasteign ehf. | Tengiliður verkkaupa: Ari B. Hilmarsson / Jón Bergur Arason | |
| Samstarfsaðilar: | | |
| Efnisorð: Greinagerð. Jarðgerðarstöð. Deiliskipulag. Umhverfismat áætlunar. Umhverfisskýrsla. | ISBN: | |
| | Undirskrift verkefnisstjóra: ÁÍ | |
| | Yfirfarið af: Per Langsøe Cristiensen (PLC) | |

EFNISYFIRLIT

| | | |
|------|---|----|
| 1 | FORSENDUR..... | 1 |
| 2 | YFIRLIT/UNDIRBÚNINGUR SKIPULAGSTILLÖGU..... | 1 |
| 3 | SKIPULAGSSVÆÐIÐ..... | 2 |
| 4 | SKIPULAGSREITUR I-10. | 2 |
| 5 | SKIPULAGSREITUR ES-6. | 3 |
| 6 | LANDNOTKUN..... | 4 |
| 6.1 | Lóð. | 4 |
| 6.2 | Byggingareitur..... | 4 |
| 6.3 | Byggingar. | 4 |
| 6.4 | Nýtingarhlutfall. | 5 |
| 7 | UMFERÐARMANNVIRKI..... | 5 |
| 7.1 | Aðkomuvegur. | 5 |
| 7.2 | Aðstöðusvæði. | 5 |
| 7.3 | Bílstæði..... | 5 |
| 8 | VEITUR..... | 5 |
| 8.1 | Vatnsöflun. | 5 |
| 8.2 | Fráveita. | 6 |
| 8.3 | Rafveita. | 6 |
| 9 | FORNLEIFAR..... | 6 |
| 10 | UMHVERFISSKÝRSLA..... | 6 |
| 10.1 | Aðferð..... | 6 |
| 10.2 | Mótun áætlunar – valkostir..... | 7 |
| 10.3 | Óbreytt landnotkun..... | 8 |
| 10.4 | Samræmi við aðrar áætlanir..... | 8 |
| 10.5 | Umhverfismat..... | 9 |
| 10.6 | Niðurstaða umhverfismats..... | 11 |
| 10.7 | Vöktun..... | 12 |
| 10.8 | Samantekt..... | 12 |
| 10.9 | Heimildir..... | 12 |
| 11 | KVAÐIR..... | 13 |
| 12 | BREYTINGAR..... | 13 |
| 13 | MÁLSMEDFERÐ..... | 13 |
| 13.1 | Kynningarfundur..... | 13 |
| 13.2 | Samráð við Skipulagsstofnun..... | 13 |
| 13.3 | Auglýsing..... | 13 |
| 13.4 | Umsagnir..... | 14 |
| 13.5 | Athugasemdir..... | 14 |
| 13.6 | Samantekt sbr. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana..... | 14 |
| 13.7 | Form- eða efnisgallar..... | 15 |
| 13.8 | Viðbrögð við göllum..... | 15 |
| 14 | GILDISTAKA..... | 15 |
| 15 | FYLGISKJÖL..... | 15 |

1 FORSENDUR.

Molta ehf. hefur uppi áform um að reisa stöð fyrir jarðgerð í tromlum innanhús á lífrænum úrgangi frá matvælaíðnaði með íblönduðum stoðefnum, s.s. timbri, pappír, garðaúrgangi og hrossataði. Molta ehf. er í eigu sveitarfélaga á svæðinu, ásamt aðilum í matvælavinnslu og nokkrum öðrum.

Árið 2006 gerði VGK hf. forathugun á helstu umhverfisáhrifum sem ætla má að jarðgerðarstöð sem vinnur úr 10-12 þúsund tonn af lífrænum jarðvegi gæti valdið. Að lokinni athugun gaf VGK-Hönnun hf. út greinargerð um: “Umhverfisáhrif, húsnæðis og landþörf. Forathugun fyrir staðarval.”. Í greinargerðinni kemur fram lýsing á starfsemi stöðvar, jarðgerðarmagni og –ferli, húsnæðis- og landþörf, umhverfisáhrif þar sem tekið er tillit til lyktar-, hljóð- og sjónmengunar auk frárennslismála.

Í kjölfar athugunarinnar fór fram staðarval sem endaði með því að Molta ehf. náði samkomulagi við landeigendur á Þverá II, í Eyjafjarðarsveit um að unnið verði að því að fá leyfi til að reisa jarðgerðarstöð á Þveráreyrum. Valinn var staður við efnistökusvæði sunnan Þverár ytri, sem merkt er ES-6 á aðalskipulagsuppdrætti um landnotkun. Á þessum tíma hafði nýtt aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2005-2025, ekki hlotið staðfestingu ráðuneytis.

Unnið var samkvæmt verklagsreglum Eyjafjarðarsveitar um deiliskipulagsvinnu og áætlað að stytta mætti kynningar- og auglýsingarferlið, með samhliða vinnslu á breytingu aðalskipulags (þegar það hefur hlotið staðfestingu) og hinu nýju deiliskipulagi.

Umhverfismat áætlana var unnið í samræmi við lög nr. 105/2006 og leiðbeiningar Skipulagsstofnunar. Umhverfisskýrslan er felld inn í greinargerð áætlunarinnar.

2 YFIRLIT/UNDIRBÚNINGUR SKIPULAGSTIILLÖGU.

Landeigandi er búinn að afla jákvæðra undirtekta Eyjafjarðarsveitar með tveimur erindum til skipulagsnefndar. Samkvæmt fundargerðarbók nefndarinnar var erindi landeiganda til afgreiðslu á fundi nr. 84 (5. júlí 2007) og nr. 86 (27. ágúst 2007) um umsókn um lóð fyrir molturgerð. Nefndin tók jákvætt í erindið, en óskaði nákvæmari gagna og lagt til með bókun: “að sveitastjórn láti gera breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins, sem sýni lóð fyrir jarðgerðarstöð í landi Þverár”.

Í framhaldinu vann VGK-Hönnun upp skipulagsuppdrátt á stafrænan grunn frá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar (skv. loftmynd e585 frá Loftmyndum). Uppdrátturinn var unninn upp í form skipulagsuppdráttar og skipulagsreitir samkvæmt nýju aðalskipulagi innfærðir. Jafnfram var skipulagsvæðið yfirborðsmælt.

Verklagsreglur Eyjafjarðarsveitar gera ráð fyrir að landeigandi óski leyfis skipulagsnefndar um leyfi til að vinna deiliskipulag með skriflegri umsókn, greinargerð og uppdrætti. Vinna við gerð gagna fyrir lóð á syðri bakka Þverár ytri við vesturjaðar efnistökusvæðis var nær lokið er ákvörðun var tekin um að færa lóðina frá Þveránni, í um ½ km sunnar á eyrunum. Deiliskipulag þetta er unnið fyrir þá staðsetningu.

Í undirbúningferlinu voru lögð fram eftirtalin gögn:

23. október 2007: Skipulagsuppdráttur merktur A001 lagður inn til sveitastjórnar-/ skipulagsnefndar með innfærðum reit athafnasvæðis f. “iðnað” á syðri bakka Þverár ytri í mkv.

1:5.000 (A1). Stafrænum uppdrætti komið til hönnuðar aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar 29. okt. 2007, svo vinna við breytingar á aðalskipulagi gæti farið af stað.

27. nóvember 2007: Umsókn um gerð skipulags ásamt greinagerð samkv. verklagsreglum og nýjum uppdrætti nr. A002 í 1:10.000 lögð inn til skipulagsnefndar. Skipulagsreitur færður fjær Þverá ytri. Stafrænn uppdráttur með nýrri staðsetningu, komið til hönnuðar aðalskipulags, 3. desember 2007.

11. desember 2007 samþykkti skipulagsnefnd á fundi sínum að “hönnunurvinnunni verði haldið áfram á grundvelli fyrirbyggjandi gagna”. Þetta var tilkynnt með bréfi sveitastjóra, dags. 17. desember 2007.

4. febrúar 2008: Tillögu (1) að deiliskipulagi skilað inn til skipulagsnefndar Eyjafjarðarsveitar.

3 SKIPULAGSSVÆÐIÐ.

Samkvæmt meðfylgjandi deiliskipulagsuppdrætti nr. S001 af Þveráreyrum í mkv. 1:4000, afmarkast skipulagssvæðið af nýjum reit f. iðnaðarsvæði I-10 og aðkomuvegur að svæðinu um efnistökusvæði ES-6. Reitur f. iðnaðarlóðina er staðsettur að mestu á óhreyfðu landi í viki syðst við vesturjaðar efnistökusvæðisins ES-6, en nær einnig yfir “tungu” úr efnistökusvæðinu sem er tæpir 1,3 ha og skagar vestur úr því svæði. Auk minnkunar efnistökusvæðisins, vegna skörunar reita, er staðsetning aðkomuvegar bundin í gegnum síbreytilegt efnistökusvæðið og því er hann einnig innan skipulagsreitsins. Fjarlægð nýs reits frá farvegi Þverár ytri er um 350 metrar og 830 m frá austurbakka Eyjafjarðarár.

Framkvæmd var yfirborðsmæling á svæði nýs skipulagsreits og aðkomuleið að honum í nóvember og það staðfest að núverandi staðsetning á jaðri efnistökusvæðisins fylgir þar þeim uppdráttum sem þegar hafa verið lagðir fram.

4 SKIPULAGSREITUR I-10.

Skipulagsreiturinn (gráskyggður á uppdrætti) eru lóðarmörk nýrrar iðnaðarlóðar að stærð 5,73 ha. Afmörkun og stærð lóðarinnar er eins og fram kemur á meðfylgjandi uppdrætti. Hornpunktur koma þar fram með merkingum L1(-2-3-4-5-6). Innan reitsins er gerð grein fyrir byggingareit, sem markast af línun milli punktanna B1(-2-3-4), en innan hans er gert ráð fyrir að byggingar iðnaðarlóðarinnar verði.

Punktur reitanna eru með staðsetningarhnit samkvæmt þessari hnitaskrá:

 Skipulagsreitur f. moltugerð á Þveráreyrum

Nr., Norðurlengd, Austurlengd, Staðsetning

L1, 568784.214, 543612.394, suðvesturhorn
 L2, 569002.008, 543643.476, norðvesturhorn
 L3, 568966.687, 543890.969, norðausturhorn
 L4, 568748.984, 543859.886, suðausturhorn
 L5, 568721.304, 543770.088, suðurhorn
 L6, 568765.141, 543746.040, skurðbrot

B1, 568765.141, 543746.040, suðvesturhorn
 B2, 568829.489, 543755.223, norðvesturhorn
 B3, 568815.352, 543854.219, norðausturhorn
 B4, 568751.013, 543845.037, suðausturhorn

L táknar Lóðarmörk á I-10

B táknar mörk byggingareits

Landhæð innan skipulagsreitsins er tvískipt að mestu, þar sem að hæð óhreyfðs lands utan efnistökusvæðis er líðandi frá um rúmum 8 m við norðvesturmörk lóðar og upp í rúmlega 10 m hæð á barmi efnistökusvæðis syðst, en botn efnistökusvæðis er í um 6-8 m hæð.



Mynd 1. Staðsetning hnitpunkta skipulagsreits fyrir iðnaðlóð (I-10) og byggingareits.

Stærðir lóðarreitsins eru þannig að:

- Vestur /austurhlið hans (L1-L2 / L3-L4) eru 220,0 m,
- hornrétt á þær eru norður-/suðurhliðar (L2-L3) 250,0 m löng
- og (L1-L6) 135,0 m,
- útúr þeirri línu er þríhyrna (L4-L5-L6) með grunnlínu (L6-L4) 115,0 m og er fjarlægð punkts L5 er 40,0 m.

Flatarmál lóðarreits er 57.300 m², eða 5,73 ha.

Byggingareitur er skilgreindur á deiliskipulagsreitnum og stærð hans er 65,00x100,00 m og er því 6.500 m², eða 0,65 ha.

Reiturinn er í sömu stefnu og lóðarreitur og eru hornpunktarnir L6 og B1 sameiginlegir (sömu

hnit). Fjarlægð byggingareits frá farvegi Þverár ytri er tæpir 0,5 km.

5 SKIPULAGSREITUR ES-6.

Vegna skörunar nýs lóðarreits f. moltugerð við efnistökusvæðið ES-6 er sá reitur tekinn með í deiliskipulagið. Minnkun reitsins reiknast vera 1,29 ha (12.900 m²) og verður því stærð hans eftir breytingu 19,36 ha. Efnistöku innan þessa svæðis er lokið.

Framkvæmd yfirborðsmæling í nóvember 2007 staðfestir að núverandi staðsetning á jaðri efnistökusvæðis fylgir þar þeim uppdráttum sem þegar hafa verið lagðir fram.

Í gegnum svæðið verður lagður 5 m breiður uppbyggður vegur að iðnaðarlóð vestan þess, eins og fram kemur á uppdráttum og í lið 7.1 í þessari greinagerð.

6 LANDNOTKUN.

6.1 Lóð.

Á skipulagsreit I-10 ein iðnaðarlóð. Stærð lóðarreitsins afmarkast af því að innan hans komist öll starfssemi jarðgerðarstöðvar. Innan lóðar er afmarkaður byggingareitur, en einnig þarf þar að vera aðstaða f. þroskunarsvæði fyrir bæði forunna moltu og einnig endanlega afurð. Þegar moltan kemur úr húsi þarf hún að standa í um 130-140 dagar á þroskunarsvæðum þar til lokaafurð er tilbúin. Þroskunarsvæðin eiga að vera með föstu yfirborði (malbiki) til að standast áraun jarðvinnuvéla og þau látin halla að niðurföllum til söfnunar sigvatns úr moltunni. Sigvatn verði leitt í frárennsliskerfi samkv. lið 7.2. Moltan er færð beint í gáma heim við jarðgerðarstöð og henni ekið á þroskunarsvæðin og henni sturtað þar. Áætluð hæð moltunnar á plönunum er um 2-2,5 m. Um þroskunarplönin verði útbúið skjól með uppsetningu 2,5 m hárra jarðvegsmana og óreglulegrar gróðursetningar trjágróðurs í þær. Þörf jarðgerðarstöðvarinnar fyrir þroskunasvæði eru áætlaðar stærðir þannig að staðsetning og umfang mana ræðst af stærð og lögun þroskunarsvæðana. Frátekið svæði á vesturlóð er vel umfram áætlaða þörf.

Mörk lóðar að landbúnaðarsvæði bújarðar eru upprónar eyrar með nokkurri gróðurþekju og skal þess gætt að jarðrask verði þar í lágmarki. Óheimilt er að raska grónu landi utan lóðar, án leyfis viðkomandi aðila.

6.2 Byggingareitur

Á skilgreindum byggingareit sem er 6.500 m² að stærð á suðurhluta lóðar er fyrirhugað að reisa um 1.200 m² skemmu fyrir jarðgerð innanhúss. Einnig er gerður möguleiki á að seinna megi koma fyrir innan reitsins yfirbyggðri geymslu á stoðefnum, ef í ljós kemur að þörf er á söfnun stoðefna á staðnum. Ekki er tekið fyrir að einhverjar byggingar verði byggðar innan reitsins í þróun starfseminnar, eða til að halda ásýnd svæðis og húsa sem bestri.

Um er að ræða jarðgerðarstöð með tromlusal f. 6 meltingartromlur þar sem melting moltunnar fer fram, forvinnslusal til móttöku stoðefna (pappír, timbur, garðaúrgangur, hrossatað o.fl.), með formeðhöndlun og blöndun stoðefna saman við lífrænan úrgang. Starfmannaaðstaða og tæknirými eru þar einnig. Húsnæði verði hannað þannig að mögulegt verði að auka framleiðslugetu jarðgerðarstöðvarinnar um þriðjung (um 2 tromlur) með stækkun hússins innan byggingarreitsins.

Byggingar sem allar skulu standa innan byggingareits skulu uppfylla ákvæði laga- og reglugerða s.s. byggingar- og skipulagsreglugerða, reglugerða um brunavarnir og brunamál, mengunarvarnarreglugerð, þjóðminjalaga, íslenskra staðla o.s.frv.

Aðaluppdrættir bygginga sem lagðir verða fyrir bygginganefnd skulu vera í samræmi við ofangreindar reglugerðir og önnur þau lög og reglur sem um slíkar byggingar gilda.

Byggingareitur er málsettur á skipulags- og skýringaruppdráttum.

6.3 Byggingar.

Á deiliskipulagsuppdrætti eru gefnar upp vegg- og mænishæðir bygginga, þakhalli og nýtingarhlutfall. Ekki er tilgreindur hámarksfjöldi hæða, en vísað til lágmarkslofthæða í byggingareglugerð.

Lögð er áhersla á að útlit og byggingaform húsa skipti máli og að þau verði þannig hönnuð að þau falli vel að landhæðum og landslagi og séu góð byggingarlist. Þakform er frjálst en gefið til kynna á kennisniði og afstöðu á skýringarupprætti.

6.4 Nýtingarhlutfall.

Nýtingarhlutfall er tilgreint á skipulagsupprætti sem hlutfall heildargólfplatar og lóðarstærðar. Nýtingarhlutfall er að hámarki 0,1.

7 UMFERÐARMANNVIRKI.

7.1 Aðkomuvegur.

Af þjóðvegi nr. 829, Austari Eyjafjarðarbraut, er vegur sunnan Þverár ytri, að fjallskilarett. Frá þjóðvegi og að henni er vegurinn með bundnu slitlagi og í beinu framhaldi er malarvegur að núverandi efnistökusvæði.

Aðkoma að skipulagssvæðinu verður um 5 m breiðan uppbyggðan veg sem kemur í beinu framhaldi af þessari vegtengingu eins og fram kemur á uppdráttum og mynd nr. 2 hér að neðan. Lega vegar yrði vestur í gegnum núverandi efnistökusvæði, og þaðan upp á lóð sem er á óhreyfðri jörð að mestu, við “suðvesturhorn” leyfilegs efnistökusvæðis.



Mynd 2. Vegtenging frá þjóðvegi að skipulagssvæði.

Kvöð er um veg þennan og að landeigandi tryggi óhefta aðkomu að iðnaðarlóð frá þjóðvegi nr. 829.

7.2 Aðstöðusvæði.

Á skýringarupprætti er gerð grein fyrir aðstöðusvæði jarðgerðarstöðvarinnar á lóð (ljósgrátt að lit) sem sýnir umferðarsvæði vegna starfsemi jarðgerðarstöðvarinnar, staðsetningu bílastæða á lóð og tengingu svæðisins við aðkomuleið að lóð.

7.3 Bílastæði.

Gerð er grein fyrir staðsetningu bílastæða á skýringarupprætti lóðar. Fjöldi þeirra fer eftir ákvæðum reglugerða sem gilda um byggingar reitsins.

8 VEITUR.

8.1 Vatnsöflun.

Áætlað er að neysluvatni verði dælt úr eyrunum með niðurstetningu brunns í um 100 m fjarlægð frá iðnaðarlóð til austurs.

Möguleiki til öflunar slökkvivatns er góður á svæðinu, bæði í ofangreindum grunnvatnsbrunni og eins er mjög gott aðgengi er að rennandi vatni í Þverá ytri (um 500 m fjarlægð frá húsi) og vatnstaka þægileg með lausum dælubúnaði (dælubíl).

Hiti frá framleiðslu moltunnar verður nýttur, en til viðbótar er möguleiki á utanaðkomandi heitt vatn frá hitaveitu þar sem hitaveitustokkur Norðurorku, frá Ytra-Laugalandi að Akureyri er í um 300 m fjarlægð frá húsi.

8.2 Fráveita.

Fráveitukerfi verður komið fyrir innan iðnaðarlóðarinnar. Frá húsnæði og þroskunarplönunum verður frárennsli leitt í hreinsikerfi þannig að öll ákvæði staðla og reglugerða um frárennsli verði uppfyllt. Seyra verður nýtt til moltugerðar. Gerð er grein fyrir staðsetningu rotþróarkerfis á vesturhluta reits.

8.3 Rafveita.

Möguleikar til öflunar raforku frá rafveitum eru nokkuð góðir þar sem háspennujarðstrengur Norðurorku liggur með hitaveitustokk og lögn þaðan því vænn kostur. Einnig er háspennulögn RARIK (lína sem tekin er í jarðstreng í landi Þverár) vestan við þjóðveg nr. 829 í um 800 m fjarlægð.

Heimtaugar skulu lagðar í jörð.

9 FORNLEIFAR.

Á skipulagssvæðinu eru engar skráðar fornminjar.

10 UMHVERFISSKÝRSLA

10.1 Aðferð

Við umhverfimat var tekið mið af nákvæmni og hlutverki áætlunarinnar. Vinsun umhverfisþátta og umhverfimat byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um staðhætti í greinargerð Aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar 2005-2025 (Eyjafjarðarsveit, 2007 og 2008), hönnun jarðgerðarstöðvarinnar sem reist verður á iðnaðarsvæðinu og umræðu um áhrif hennar á umhverfi í tilkynningu til Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar (Molta ehf., 2008). Ekki var farið í sérstakar rannsóknir vegna matsins.

Eins og kemur fram í kafla 3 og umhverfisskýrslu samsvarandi aðalskipulagsbreytingar er iðnaðarsvæðið á flatlendi austan Eyjafjarðarár og sunnan Þverár ytri. Svæðið er mestu óhreyft land, uppgrónar eyrar með nokkurri gróðurþekju en að hluta malarkrúsir í efnistöku-svæði (1,3 ha). Svæðið er í um 700 m fjarlægð frá Eyjafjarðarbraut eystri, um 600 m frá heimahúsum Þverár, 350 m fjarlægð frá farvegi Þverár ytri og um 830 m frá austurbakka Eyjafjarðarár. Talið er að ekki stafi hætta af náttúruhamförum á iðnaðarsvæði I-10. Samkvæmt aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar eru engin verndarákvæði á því svæði sem deiliskipulagið nær yfir (Eyjafjarðarsveit, 2007 og 2008).

Uppbygging jarðgerðarstöðvar á Þveráreyrum er talin geta haft áhrif á umhverfi vegna hugsanlegrar mengunarhættu (sigvatn, útblástur, hávaði), ásýndarbreytinga og umferðar til og frá jarðgerðarstöð.

Fjallað er um samræmi tillögunnar við Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2005-2025 og Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020 auk hugsanlegra áhrifa á eftirtalda umhverfisþætti sem valdir eru út frá aðstæðum á fyrirhuguðu iðnaðarsvæði og hugsanlegum áhrifum vegna uppbyggingar og reksturs jarðgerðarstöðvar þar: Landslag, jarðvegur, vatn, loft, heilsa (hávaði, lykt) og samgöngur.

Tafla 1. Áhrifa og umhverfisþættir.

| Áhrifaþættir | Umhverfisþættir | |
|---|---------------------------------------|------------------------------------|
| | Náttúrufar | Samfélag |
| Mengunarhætta <ul style="list-style-type: none"> • Sigvatn • Útblástur • Hávaði Ásýndarbreytingar Umferð til og frá svæðinu | Landslag Jarðvegur Vatn Loft | Heilsa (hávaði, lykt) Samgöngur |

Einkennum og vægi hugsanlegra umhverfisáhrifa er lýst í samræmi við nákvæmni og hlutverk þessarar áætlunar. Þar sem við á er greint frá því hvort áhrif verði jákvæð, neikvæð, óveruleg eða hvort óvissa ríkir um hugsanleg áhrif og/eða hvort þau séu háð nánari útfærslu framkvæmda.

Umhverfismatið er unnið af teymi frá V GK-Hönnun hf. í samstarfi við sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar.

10.2 Mótun áætlunar – valkostir

Við mótun áætlunar var ekki stillt upp ákveðnum valkostum, en ákveðin bestun höfð í huga í staðarvals- og hönnunarferlinu. Við ákvörðun um staðsetningu og hönnun mannvirkja var m.a. hugað að eftirfarandi þáttum:

- Að stöðin væri utan eiginlegs þéttbýlis.
- Að stöðin yrði nálægt þungamiðju hráefnisöflunar Eyjafjarðarsvæðisins (nálægt Akureyri í átt að Húsavík).
- Að umferðarleiðir yrðu sem stýstar.
- Að lóð fyrir stöðina yrði um 3 ha að stærð með stækkunarmöguleikum í 10 ha.
- Að útlit bygginga félli vel að því umhverfi sem þær eru byggðar í.
- Að byggt yrði í lítið hallandi landi vegna umfangs bygginga á einum fleti (800-1250 m²) og athafnasvæðis (rúmlega 2.100 m² malbikuðum þroskunarsvæðum) í svipaðri hæð.
- Að starfsemi stöðvarinnar hefði sem minnsta truflun á umhverfi þar sem hún yrði reist í.
- Að ásýnd að stöðinni yrði góð og þá hugað að því ef söfnun stoðefna yrði þá skyldi það vera gert innanhúss (fyrst áætlað um 400 m² létt bygging).
- Að útisvæði s.s. þroskunarplön yrðu gerð í sem mestri sátt við landslag svæðisins.
- Að öflun orku- og vatns væru ásættanleg.
- Að svæðið væri utan við verndunar- og áhættusvæða.
- Að litil hætta væri á náttúruvá.

Búið var að skoða hvort mengandi þætti væru fyrir hendi frá framleiðslu og eru þeir takmarkaðir miðað við áætlanir framkvæmdarinnar.

Að lokinni ákvörðunar um staðarval á Þveráreyrum í Eyjafjarðarsveit sem uppfyllti ofangreind atriði var hugað að eftirfarandi þáttum varðandi staðsetningu mannvirkja innan skipulagsreitsins:

- Útlit bygginga yrði gert í sem mestu samræmi við byggingarlag landbúnaðarbygginga svæðisins og þannig að hún falli vel að umhverfi Eyjafjarðarsveitar.
- Að fjarlægð byggingar frá Þverá - ytri (og Eyjafjarðará) yrði meiri en 100 m samkv. ábendingu skipulagsnefndar Eyjafjarðarsveitar með tilvísun til laga um Lax- og silungsvæði nr. 61/2006.
- Svæðið er lítið hallandi og efnisflutningar vegna bygginga mannvirkja litlir þar sem byggingarlandið eru malareyrar með grunnri jarðvegsþekju.
- Byggingarreitur er staðsettur þannig að umferðarleiðir séu sem stýstar.
- Frestað var áformum um söfnun stoðefna á svæðinu og ákveðið að þau kæmu unnin beint frá flokkunarstöð á Akureyri, inn í stöðina.
- Byggingarreitur er á landinu þar sem það er hæst og þá lágmarkshæð á árflóðum.
- Möguleikar á góðu fráveitukerfi er fyrir hendi vegna hæðar byggingar í landi og eðli jarðvegs til sytrunnar.
- Stutt er í raf- og hitaveituæðar.
- Góðir möguleikar eru á öflun vatns á svæðinu.

Við hönnun mannvirkja var hugað að því að þær féllu að ofangreindum atriðum þannig:

- Að byggingar féllu vel að umhverfi sínu (lögun, litur).
- Að byggingarlag yrði ekki ólíkt landbúnaðarbyggingu, sem endaði í lagi sem ekki er ólíkt fjósi með áföstu mjólkurhúsi (svo dæmi sé tekið).
- Að litur bygginga tæki mið af jarðlitum.
- Að vegghæð bygginga (6 m) hæfði starfsemi og búnaði jarðgerðarstöðvar og mænishæð einnig (>9 m).
- Að hæð bygginga tæki tillit til lágmarkshæðar sem þarf til móttöku hráefnis beint inn í hús af flutningstæki.
- Móttökukurðir snúi upp í hagstæðustu vindátt svæðisins.
- Til að minnka ásýnd að þroskunarsvæðum er áætlað að um þær verði byggðar jarðvegsmanir með óreglulegri gróðursetningu trjágróðurs.
- Að möguleikar á að umferðarleiðir hráefnis og afurðar væru aðskildar.

Að búnaður yrði settur upp til hreinsunar loftis frá innanhússframleiðslu.

10.3 Óbreytt landnotkun

Ekki eru uppi áform um aðra landnotkun á svæðinu en núverandi efnistöku á efnistökusvæði ES-6, ef ekki verður af uppbyggingu jarðgerðarstöðvar.

Verði ekki af framkvæmdum vegna jarðgerðarstöðvar á Þveráreyrum má reikna með að náttúran muni þróast áfram með núverandi landnotkun með efnistöku og landbúnaði (nú útleigu á notkun ræktunarlands).

10.4 Samræmi við aðrar áætlanir

Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2005-2025

Viðmið

7. mgr. 9. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.: *Svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir skulu vera í innbyrðis samræmi.*

Markmið skipulags- og byggingarlaga er m.a. *að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða og laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar.*

Niðurstaða

Samræmi er á milli tillögu að Deiliskipulagi iðnaðarlóðar fyrir jarðgerðarstöð. Þveráreyrar – Eyjafjarðarsveit og tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025 sem auglýst er samhliða.

Í umhverfisskýrslu með aðalskipulagsbreytingu kemur m.a. fram: Að afmarka iðnaðarsvæði fyrir jarðgerðarstöð, í samræmi við markmið svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs, og þá útfærslu sem Molta ehf. hefur kynnt, samræmist almennt framtíðarsýn og markmiðum sveitarfélagsins varðandi landnotkun, umhverfis- og sormál. Svæðið er í landi Þverár, aðlægt núverandi efnistökusvæði, þar sem ekki eru þekktar minjar, aðkoma greið og nálægð er við Akureyri, þaðan sem stærstur hluti úrgangsins kemur. Svæðið er í um 700 m frá Eyjafjarðarbraut eystri, um 600 m frá heimahúsum Þverár, 350 m fjarlægð frá farvegi Þverár ytri og um 830 m frá austurbakka Eyjafjarðarár. Aðflutningsleiðir eru að miklu leiti til staðar. Ekki þarf tilflutning á efni vegna bygginga og vegagerðar þar sem jarðvegur hentar vel sem undirlag, með því er stuðlað að skynsamlegri nýtingu landgæða og dregið úr neikvæðum áhrifum vegna efnistöku og aðflutnings efnis.

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020

Viðmið

Í samræmi við 4.mgr. 4.gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs mótaði Sorpeyðing Eyjafjarðar bs. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020. Þar eru sett fram markmið og aðgerðir til að draga úr urðun lífræns úrgangs í samræmi við markmið íslenskra stjórnvalda í ofangreindum lögum og Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs. Eitt þeirra áforma sem sett voru fram í svæðisáætluninni var að gera *athugun á því hvort hagkvæmt sé að þau lífrænu efni sem flokkuð eru frá skv. skilyrðum reglugerða fari í miðlæga jarðgerð á Eyjafjarðarsvæðinu og er þar helst átt við sláturúrgang, fiskúrgang, ölgerðarhrat, pappa, garðaúrgang, viðarkurl og hrossaskít* (Sorpeyðing Eyjafjarðar bs., 2005).

Niðurstöður yfirferðar á rekstrar- og tæknilegum forsendum og forathugun á umhverfisáhrifum sýndu fram á hagkvæmni þess að jarðgera úrgang sem tilfellur í Eyjafirði. Hlutafélagið Molta ehf. var stofnað í þeim tilgangi að byggja og starfrækja jarðgerðarstöð í Eyjafirði. Á haustmánuðum 2007 var Sorpeyðing Eyjafjarðar bs. lögð niður og hlutafélagið Flokkun ehf. stofnað sem tók við öllum skyldum byggðasamlagsins (Molta ehf., 2008).

Niðurstaða

Að reisa jarðgerðarstöð í Eyjafjarðarsveit er liður í því að ná markmiðum sveitarfélaga í Eyjafirði og íslenskra stjórnvalda um að draga úr urðun lífræns úrgangs. Deiliskipulagstillagan er því í samræmi Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020 og þá stefnumörkun sem hún byggir á.

10.5 Umhverfismat

Landslag

Viðmið

Í umhverfisstefnu Eyjafjarðarsveitar er kveðið á um að *haldið verði markvisst áfram að uppræta sjónmengun úr sveitinni með því m.a. að landeigendur haldi umhverfi mannvirkja í góðu ásigkomulagi svo hvorki sé til lýta né hættu.*

35. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd kveður á um að *við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.*

Áhrif

Fyrirhugað er að reist verði hús undir jarðgerðarstöð ásamt því sem molta mun þroskast á plönnum utandyra. Samkvæmt upplýsingum frá Moltu ehf. verður útblástur ekki sýnilegur og því ekki



sjónmengandi. Á skipulagsupprætti og kafla 6.2 kemur fram að skemma undir jarðgerð innanhúss verður um 1.200 m², með vegghæð 6,0 m og mænishæð 9,5 m.

Niðurstaða

Svæðið einkennist af ásýnd efnistökusvæðis og grónu flatlendi. Landslag Eyjafjarðarsveitar einkennist af landbúnaðarsvæðum með tilheyrandi útihúsum og íbúðahúsnæði. Talið er að bygging húsnæðis fyrir jarðgerðarstöð muni hafa óveruleg áhrif þar sem hönnun miðaði að því að byggingarform og útlit falli vel að landhæðum og landslagi (kafla 6.3) og verði hugað að því við útfærslu að svipmót byggingar verði sambærilegt því sem fyrir er í sveitinni.

Jarðvegur og vatn

Viðmið

Markmið laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir miðar að því að *búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi*. Nánar er kveðið á um að koma skuli í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum mengunar vatns og umhverfis þess af mannavöldum í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Áhrif

Ekki er gert ráð fyrir teljandi sigvatnsmyndun við jarðgerðina og eru því litlar sem engar líkur taldar á að sigvatn geti mengað jarðveg og vatn. Helst eru líkur á að sigvatn leki frá moltu í úrkomu. Þroskunarplön munu halla eilítið og á þeim verða niðurföll þ.a. sigvatn mun ekki leka út fyrir þau. Einnig verða niðurföll í húsnæði og á móttökuplani. Frárennsli verður leitt í tveggja þrepa hreinsikerfi (Molta ehf., 2008). Varðandi sigvatn frá moltu utanhúss, sjá gr. 6.1 og 8.2.

Niðurstaða

Í ljósi upplýsinga frá Moltu ehf. er talið að jarðgerðarstöð Moltu ehf. muni hafa óveruleg áhrif á jarðveg og vatn.

Loft/lykt

Markmið laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir miðar að því að *búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi*. Nánar er kveðið á um að koma skuli í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum loftmengunar í reglugerð um loftgæði nr. 787/1999.

Áhrif

Útblástur frá jarðgerðarstöð verður hreinsaður með ósonrafali áður en hann er losaður í andrúmsloftið og molta í þroskun utandyra verður nánast lyktarlaus. Moltan ætti því ekki valda óþægindum vegna lyktar né draga að vargfugl og meindýr verði meltingartími nægur. En alltaf getur þó verið hætt á að einhver lykt berist frá starfseminni einstaka sinnum í skamman tíma í einu (Motla ehf., 2008).

Niðurstaða

Talið er að ónæði vegna lyktar af moltu á svæðinu verði ekki meiri en frá landbúnaði í sveitinni og áhrif því óveruleg þó einhver lykt geti borist frá starfseminni einstaka sinnum skamman tíma í einu.

Hávaði

Viðmið

Markmið laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir miðar að því að *búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi*. Nánar er kveðið á um að draga úr eða koma í veg fyrir hávaða í reglugerð um hávaða nr. 933/1999.

Áhrif

Ónæði vegna hávaða frá jarðgerðarstöð Moltu ehf. verður lítið sem ekkert frá sjálfri framleiðslunni og verður jarðgerðarstöðin nokkuð fjarri næstu íbúðarhúsum og þjóðvegi.



Niðurstaða

Með tilliti til þess að fyrir er efnistaka á því landsvæði sem um ræðir er talið að ónæði vegna hávaða frá jarðgerðarferlinu verði óverulegt.

Samgöngur

Viðmið

Meðalumferð á dag yfir árið um Eyjafjarðarbraut eystri (þjóðveg nr. 829 01) var 912 bílar árið 2006. Meðalumferð á sumardeggi var 1151 bíll og meðalumferð á vetrardegi 742 bílar (Vegagerðin, 2007). Umferð flutningsfarartækja um aðliggjandi efnistökusvæði er um 40-50 bílar á sólarhring. Dregið hefur úr umferð um svæðið sl. ár, en var þegar mest lét 110-115 bílar á dag. Þessi minnkun stafar af því að nú fer allt efni af svæðinu fullunnið (munnleg heimild, 13.03.2008).

Áhrif

Í töflu 2 er gerð grein fyrir áætlaðri umferð flutningstækja til og frá stöðinni eftir að rekstur hefst, á álagstíma og þegar úrgangsmagn er í lágmarki. Gert er ráð fyrir að meðalfarmþyngd aðkomandi úrgangs verði um 10 tonn. Álagstími móttöku verður mestur þegar sauðfjársláturúrgangur mun berast frá Húsavík (í september til og með febrúar) og er þá gert ráð fyrir mest 5 flutningsfarartækjum á dag. Gert er ráð fyrir að farmþyngd fullþroskaðrar moltu frá jarðgerðarstöð verði 15 tonn. Þegar mest lætur myndi það þýða um 2-3 flutningsfarartæki á dag (júlí - desember). Fyrirhugað er að taka á móti úrgangi og flytja burt moltu á dagvinnutíma virka daga (Molta ehf., 2008).

Tafla 2 Áætluð dagleg umferð fullhlaðinna flutningsfarartækja til og frá jarðgerðarstöð.

| | Til stöðvar | Frá stöð |
|--------------------|-------------|----------|
| Álagstími | 4-5 | 2-3 |
| Aðrir dagar ársins | 2-3 | 1-2 |

Niðurstaða

Miðað við þá umferð sem fyrir er á Eyjafjarðarbraut eystri og um efnistökusvæði ES-6 er talið að áhrif á samgöngur verði óveruleg.

10.6 Niðurstaða umhverfismats

Deiliskipulagstillagan er í samræmi við aðalskipulagsbreytingu sem auglýst er samhliða. Uppbygging og rekstur jarðgerðarstöðvar Moltu ehf. er í samræmi við stefnu sveitarfélaganna í Eyjafirði og íslenskra stjórnvalda um að auka endurnýtingu úrgangs og draga úr urðun lífræns úrgangs.

Frá framleiðslu moltunnar er ekki áætlað að neinir mengandi þættir verði, miðað við þá útfærslu sem kynnt hefur verið, umfram það sem er á landbúnaðarsvæðum sveitarfélagsins. Það er niðurstaða umhverfismats að jarðgerðarstöð Moltu ehf. á iðnaðarsvæði í landi Þverár í Eyjafjarðarsveit muni hafa óveruleg áhrif á umhverfi verði hugað að því við útfærslu að svipmót bygginga verði sambærilegt því sem fyrir er í sveitinni. Þó er líklegt að einhver lykt berist frá starfsemi einstaka sinnum í skamman tíma í einu.

Sveitarstjórn bendir á að framkvæmdin er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar sem ákvarðar hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum og að Heilbrigðiseftirlit Norðausturlands veitir starfsleyfi þar sem sett eru skilyrði um mengunarvarnir og eftirlit.

10.7 Vöktun

Niðurstaða umhverfismats gefur ekki tilefni til sérstakrar vöktunar af hálfu sveitarfélagsins eða landeigenda vegna deiliskipulagsins sbr. 6 gr. laga um umhverfismat áætlana.

Sveitarstjórn bendir á að rekstur jarðgerðarstöðvar er starfsleyfisskyldur samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, samanber fylgiskjal 2, tölulið 8.5. Vöktun umhverfisáhrifa jarðgerðarstöðvar er á hendi rekstraraðila og eru sett skilyrði um mengunarvarnir og eftirlit í starfsleyfi sem Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra veitir.

10.8 Samantekt

- Skipulagsbreytingin er matsskyld þar sem mörkuð er stefna um nýtt iðnaðarsvæði til jarðgerðar í landi Þverár í Eyjafjarðarsveit. Jarðgerðarstöð er tilkynningarskyld framkvæmd skv. lið 11 j í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfismatið er unnið í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og leiðbeiningar um umhverfismat áætlana. Matið byggist á fyrirliggjandi gögnum og tekið mið af hlutverki og nákvæmni áætlunarinnar.
- Fyrirhugað er að reisa jarðgerðarstöð í Eyjafjarðarsveit til að framfylgja stefnu íslenskra stjórnvalda og sveitarstjórna í Eyjafirði um að draga úr urðun lífræns úrgangs.
- Deiliskipulagstillagan er í samræmi við breytingu á Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025 sem auglýst er samhliða. Land Þverár í Eyjafjarðarsveit var talið hentugt fyrir jarðgerðarstöð þar sem það er nálægt Akureyri, þar er nú þegar iðnaðarstarfsemi (efnistökusvæði ES-6), nægt landrými er til staðar og landið hentar vel til bygginga. Engar þekktar minjar eru á svæðinu. Svæðið er um 700 m frá Eyjafjarðarbraut eystri, um 600 m frá heimahúsum Þverár, 350 m fjarlægð frá farvegi Þverár ytri og um 830 m frá austurbakka Eyjafjarðarár. Aðflutningsleiðir eru að miklu leiti til staðar.
- Þeir þættir sem hugsanlega geti talist að geti valdið áhrifum vegna uppbyggingar og reksturs jarðgerðarstöðvar á Þveráreyrum eru: mengunarhætta (sigvatn, lykt, hávaði), ásýndarbreytingar og umferð. Þeir umhverfisþættir sem talið er að getir orðið fyrir áhrifum eru: Landslag, vatn, jarðvegur, loft, heilsa (lykt, hávaði) og samgöngur.
- Frá framleiðslu moltunnar er ekki áætlað að neinir mengandi þættir verði, miðað við þá útfærslu sem kynnt hefur verið, umfram það sem er á landbúnaðarsvæðum sveitarfélagsins. Það er niðurstaða umhverfismats að jarðgerðarstöð Moltu ehf. á iðnaðarsvæði í landi Þverár í Eyjafjarðarsveit muni hafa óveruleg áhrif á umhverfi verði hugað að því við útfærslu að svipmót bygginga verði sambærilegt því sem fyrir er í sveitinni. Þó er líklegt að einhver lykt berist frá starfseminni einstaka sinnum í skamman tíma í einu.
- Niðurstaða umhverfismats deiliskipulagstillögunnar gefur ekki tilefni til sérstakrar vöktunar. Bent er á að rekstur jarðgerðarstöðvar er starfsleyfisskyldur og eru sett skilyrði um mengunarvarnir og eftirlit í starfsleyfi.

10.9 Heimildir

Alþingi, 2008. Lagasafn. www.althingi.is.

Eyjafjarðarsveit, 2007. Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2005-2025. Greinargerð og uppdrættir. Unnið af Teiknistofu Benedikts Björnssonar.

Eyjafjarðarsveit, 2008. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025. Uppdráttur og umhverfisskýrsla.

Molta ehf., 2008. Jarðgerðarstöð, Þveráreyrum, Eyjafjarðarsveit. Tilkynning um framkvæmdir. Unnið af VGK-Hönnun hf. VH-2008-030.

Skipulagsstofnun, 2008. Jarðgerðarstöð, Þveráreyrum. Eyjafjarðarsveit. Ákvörðun um matsskyldu.

Sorpeyðing Eyjafjarðar bs., 2005. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020. Unnið af Línuhönnun hf.

Stjórnartíðindi, 2008. Reglugerðasafn. www.reglugerdir.is.

Vegagerðin, 2007. Umferð á Þjóðvegum 2006. www.vegagerdin.is.

11 KVAÐIR.

Áætlað er að eignaskipta iðnaðarlóð úr landi bújarðar. Eigandi lóðar verður Þverá fasteign ehf. Jafnframt skal þinglýsa gerð aðkomuvegar að iðnaðarlóðinni og notanda jarðgerðarstöðvar tryggður óhindraður aðgangur að lóð, frá þjóðvegi nr. 829.

12 BREYTINGAR.

Minni háttar frávík sem ekki stangast á við meginatriði deiliskipulagsins eru afgreidd að lokinni grenndarkynningu, en meiriháttar breytingar skal auglýsa sem breytt deiliskipulag samkvæmt ákvæðum skipulags- og byggingarlaga.

Samtímis vinnu við deiliskipulag var áætlað að sveitarfélag ynni að breytingartillögu á nýsamþykktur aðalskiplagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025. Báðar tillögur skulu auglýstar samtímis.

Að lokinni samþykkt sveitastjórnar um samtímis auglýsingu á breyttu aðalskiplagi og deiliskipulagi þessu, fer af stað hefðbundið ferli varðandi sýningarskyldu og athugasemdartíma, samkvæmt skipulags- og byggingarlögum

13 MÁLSMEÐFERÐ.

13.1 Kynningarfundur

Haldinn var almennur kynningarfundur í Eyjafjarðarsveit þann 13. mars 2008 þar sem áform um jarðgerðarstöð í landi Þverár voru kynnt.

13.2 Samráð við Skipulagsstofnun

Haft var samráð við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur upplýsinga vegna mats á umhverfisáhrifum.

13.3 Auglýsing

Tillaga að deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði í landi Þverár ásamt aðalskiplagsbreytingu fyrir svæðið var auglýst í samræmi við skipulagslög nr. 73/1997 og lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Auglýst var í Morgunblaðinu og Víkudegi þann 5. júní. Útgáfudagur auglýsingar í Lögbirtingablaðinu var 4. júní, birt í tölublaði nr. 41/101 þann 19. júní 2008. Auglýsingin var jafnframt birt á heimasíðu sveitarfélagsins.

Tillögur þessar voru til sýnis á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar frá og með 5. júní til og með 3. júlí 2008. Frestur til að gera athugasemdir við tillögurnar var til og með 17. júlí 2008.



13.4 Umsagnir

Í samræmi við niðurstöðu samráðs við Skipulagsstofnun í febrúar og apríl 2008 verður leitað umsagnar Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Matvælastofnunar - Veiðimálastjóra og Fornleifaverndar ríkisins. Að auki var tillagan send Náttúruverndarnefnd Eyjafjarðarsvæðis til umsagnar.

Svör bárust frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Matvælastofnun, Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun. Umsagnir gáfu ekki tilefni breytinga. Í töflu 3. er gerð grein fyrir umsögnum.

Tafla 3. Yfirlit yfir umsagnir.

| | |
|--|---|
| Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra | 18. júní 2008. Ekki eru gerðar athugasemdir við umhverfisskýrslu og breytingu á aðalskipulagi og tillögu að deiliskipulagi. Vakin er athygli á umsögn stofnunarinnar við tilkynningu um matsskyldu jarðgerðarstöðvarinnar dags. 21. apríl 2008. Þar kemur m.a. fram að starfssemin sé háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar, helstu skilyrði lúti að almennu hreinlæti utandyra, að ráðstafanir séu gerðar gegn lyktarmengun og hávaða, að framrennsli fái viðunandi hreinsun og að geymsla, flutningur og nýting afurða verði með vönduðum hætti. |
| Matvælastofnun, | 23. júní 2008. Matvælastofnun gerir ekki athugasemdir við umræddar skipulagstillögur. Stofnunin bendir jafnframt á reglugerð nr. 820/2007 um meðferð og nýtingu á slátur- og dýraleifum, þar sem m.a. eru reglur um jarðgerðarstöðvar sem nýta þessi hráefni. |
| Umhverfisstofnun | 8. ágúst 2008. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að hönnun og gerð húsa miði að því að þau falli eins vel að landslagi og unnt er. |
| Skipulagsstofnun. | 2. september. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir fyrir sitt leyti í samræmi við ákvæði 3. mgr. 7. gr. laga nr. 105/2006 ekki athugasemdir við umhverfisskýrslu deiliskipulagstillögunnar. |

13.5 Athugasemdir

Engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma.

13.6 Samantekt sbr. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana

Deiliskipulagstillagan er í samræmi við aðalskipulagsbreytingu sem auglýst var samhliða.

Lögð er áhersla á að útlit og byggingaform húsa skipti máli og að þau verði þannig hönnuð að þau falli vel að landhæðum og landslagi og séu góð byggingarlist. Frá framleiðslu moltunnar er ekki áætlað að neinir mengandi þættir verði, miðað við þá útfærslu sem kynnt hefur verið, umfram það sem er á landbúnaðarsvæðum sveitarfélagsins.

Engar athugasemdir bárust frá umsagnaraðilum né á auglýsingartíma. Á meðan skipulagstillögur voru í vinnslu ákvarðaði Skipulagsstofnun að fyrirhuguð jarðgerðarstöð í landi Þverár í Eyjafjarðarsveit sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun leitaði álits sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, veiðimálastjórnar Matvælastofnunar, Matvælastofnunar - Yfirdýralæknis og Umhverfisstofnunar (Skipulagsstofnun, 2008).

13.7 Form- eða efnisgallar.

Skipulagsstofnun gerði athugasemdir með bréfi dags. 13.11.2008, við deiliskipulagsgögn sem send voru inn til endanlegarar afgreiðslu og áritun ráðherra. Þrátt fyrir fyrri afgreiðslur setur Skipulagsstofnun athugasemdir við form- eða efnisgalla skipulagsins fram í 5 liðum, þannig að:

- afmörkun deiliskipulagssvæðisins nái einungis yfir iðnaðarsvæði IS-10, en ekki efnistökusvæði ES-6.
- mænishæð verði samræmd í gögnum í 9,5 m.
- ósamræmi milli tákna fyrir svæðamörk og lóðaramörk verði lagfært.
- mælikvarði kennisniðs verði lagfærður og
- skilgreina þurfi betur jarðvegsmanir bæði á uppdráttum og í greinargerð vegna markmiða um ásýnd.

13.8 Viðbrögð við göllum.

Deiliskipulagsuppdrætti nr. S001 var breytt og hann endurútgefinn (útg. B3 – dags. 28.11.2008) þar sem afmörkun deiliskipulags er við útlínur iðnaðarsvæðis I-10 og aðkomuveg um efnistökusvæði ES-6, ekkert ósamræmi fannst í gögnum um mænishæð, en veggshæð lagfærð á deiliskipulagsuppdrætti í 6,0 m, tákn f. svæðamörk látin halda sér (efnistökusvæði) en tákn f. lóðarmörk skilgreind (iðnaðarlóð), mælikvarði kennisniðs var lagfærður og skýrleiki og hæð mana sett fram á uppdrætti og í skýringum.

Greinargerð var einnig breytt og hún endurútgefin (MV-2008-114) með þeim breytingum að kafla um afmörkun deiliskipulagssvæðis var breytt samkv. ofangreindu, texta um manir endurbættur í kafla um lóð og kafli um form- og efnisgalla bætt við.

14 GILDISTAKA.

Skipulagsáætlun þessi tekur gildi við auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni afgreiðslu í samræmi við ákvæði byggingar- og skipulagslaga.

Deiliskiplag þetta, sem auglýst hefur verið skv. 25. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73./1997 var samþykkt í sveitastjórn Eyjafjarðarsveitar,

þann, 30.09 2008


 sveitastjóri Eyjafjarðarsveitar



Deiliskipulagið er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem falla undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 105/2000 m.s.br.

15 FYLGISKJÖL.

- 1) MANNVIT hf.: *Teikning nr. S001: Þveráreyrar – Eyjafjarðarsveit. Deiliskipulagsuppdráttur: Iðnaðarlóð fyrir jarðgerðarstöð í landi Þverár, Eyjafjarðarsveit. Mkv. 1:4.000 (A2). Dags. 28.11.2008 – B3.*